

Faghópur leikskólaliða - ársfundur

Faghópur leikskólaliða í Eflingu-stéttafélagi hélt ársfund sinn mánudaginn 15.apríl 2013.

Fundurinn var haldinn í húsnæði Eflingar Sætúni 1 og hófst hann kl. 20:00

Dagskrá fundarins venjuleg ársfundarstörf, skýrsla stjórnar, kosning stjórnar. Ingrid Kuhlman hélt fyrirlesturinn "Samþætting starfs og einkalífs", Önnur mál.

Faghópur leikskólaliða er nú að hefja sitt sjötta starfsár og hefur leikskólaliðum hjá Eflingu fjölgað stöðugt á þessum tíma. Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir ársskýrslu leikskólaliða.

Kosning stjórnar fór fram þar sem Elín Jónsdóttir og Sigurlaug Brynjólfsdóttir buðu sig aftur fram til tveggja ára. Það voru engin mótframboð því var þetta samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Sigurrós Kristinsdóttir er svo áfram tengiliður okkar við Eflingu.

Ingrid Kuhlman hélt fyrirlesturinn Samþætting starfs og einkalífs en hún starfar hjá Þekkingarmiðlun ehf. Í erindi hennar kom fram að samþætting starfs og einkalífs getur oft á tíðum verið flókin og nýlegar rannsóknir sýna að næstmesti streituvaldurinn í vinnunni er sá að reyna að samræma vinnu og einkalíf. Hún sagði að öll lifum við erilsömu lífi og reynum að halda jafnvæginu á milli starfsframa, fjölskyldunnar, annarra ábyrgðarhlutverka og áhugamála utan vinnunnar. Reyndin er sú að við höfum aldrei nægan tíma fyrir allt, en við höfum alltaf tíma til að gera það sem skiptir mestu máli. Í lokin áréttaði hún að tíminn flýgur áfram, um það höfum við ekkert val.

Í lok fundar fór Sigurrós Kristinsdóttir yfir kjaramál og sagði að ljóst sé að mikil vinna væri framundan þar sem kjarasamningar eru lausir á næsta ári. Hún hvatti einnig leikskólaliða til að taka þátt í átaki ASÍ gegn verðhækkunum og benti á heimasíðu þeirra vertuaverdi.is

Fræðslufundur 13. nóvember 2012

Faghópur leikskólaliða og faghópur félagsliða í Eflingu-stéttarfélagi héldu að þessu sinni sameiginlegan fræðslufund að kvöldi þann 13. nóvember 2012. Fundurinn var haldinn í fræðslusetri Eflingar Sætúni 1, 4. hæð. Mæltist það nokkuð vel fyrir meðal fundargesta að vera með svona sameiginlegan fund.

Margrét Gunnarsdóttir sérfræðingur á starfsendurhæfingarsviði VIRK og Svava Jónsdóttir sviðsstjóri á fyrirtækjasviði VIRK fluttu fyrirlesturinn „Velferð og vinna – kynning á þjónustu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs“. Þá mætti einnig Elva Dögg Gunnarsdóttir og var með uppistand.

Kynning frá VIRK

Þær stöllum Margrét Gunnarsdóttir og Svava Jónsdóttir greindu frá því að hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að starfsmenn hverfi af vinnumarkaði vegna örorku.

VIRK er með þjónustu fyrir einstaklinga, atvinnurekendur og stjórnendur, vinnan er mikilvæg fyrir okkur öll því það þurfa allir að afla tekna til að geta verið virkir þátttakendur og sjálfstæðir þegnar. Vinnan hefur áhrif á heilbrigði og félagsleg tengsl. Talið er að helstu ástæður veikindafjarveru séu andleg vanlíðan, streita, kvíði, þunglyndi, slys, óhöpp, smitsjúkdómar, stoðkerfisvandamál m.a. bakverkir og liðverkir. Félagsleg einangrun verður þegar einstaklingur hefur verið lengi frá vinnu og getur reynst honum mjög erfitt, einnig hefur fjarvist áhrif á vinnustaðinn til að mynda aukið álag á aðra starfsmenn, aukinn kostnað vegna afleysingar og fl.

Rannsóknir benda til þess að sé starfsfólk í óvissu um ábyrgð sína og hlutverk getur valdið streitu og vanlíðan í starfi sem hvort tveggja getur síðan haft áhrif á auknar fjarvistir.

Þjónustan hjá VIRK miðar að því að auka vinnugetu einstaklingsins og er ætluð þeim sem stefna aftur á vinnumarkað. VIRK aðstoðar einstaklinginn við að setja upp áætlun um endurkomu til vinnu í samstarfi við vinnustað og fagaðila.

Elva Dögg með uppistand

Elva Dögg Gunnarsdóttir var með uppistand, hún fór heldur betur á kostum þessi frábæra kona. Hún gerði endalaust grín að sjálfri sér , umræðum í þjóðfélaginu og hugrenningum hins daglega lífs hvort sem var um að ræða fatlaðan eða ófatlaðan einstakling. Þetta var hrein snilld hjá henni. Elva Dögg er með tourette heilkenni og lítur á uppistand sitt sem fræðslu um sjúkdóm sinn.

Fjöldi gesta voru 71 og þar af voru 47 leikskólaliðar og 24félagsliðar.